



300. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, fimmtudaginn 21. janúar 2021 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísadóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir og Dominiqua Alma Belányi.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísadóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir stöðu ólympískra verkefna. Enn er óvissa varðandi Ólympíuleikana í Tókýó og óvíst hvenær mál skýrast um framkvæmd og fyrirkomulag.

Rafrænar afreksbúðir ÍSÍ fyrir ungt afreksíþróttafólk hafa verið afar vel sóttar. Sér sambönd ÍSÍ tilnefna þátttakendur í búðirnar.

Afrekssjóður ÍSÍ hefur nýlega fundað með öllum sér samböndum ÍSÍ.

2. Stoðsvið ÍSÍ

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Hann skýrði frá tillögu sviðsins um að ÍSÍ taki upp nýja menntagátt fyrir þjálfarmenntun ÍSÍ. Notast hefur verið við Moodle kerfið en nýja kerfið heitir Canvas. Nokkur kostnaðarauki verður við skiptinguna en nýja kerfið hentar betur fyrir snjalltæki og því talið rétt skref í átt til nútímalegri kennsluaðferða og samskipta.

Fundarmenn samþykktu tillögu sviðsins um að skipta yfir í það kerfi fyrir þjálfarmenntunina. Gert er ráð fyrir því að sér sambönd ÍSÍ nýti einnig kerfið fyrir sínar námsleiðir.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Undirbúningur Lífshlaupsins er í fullum gangi en verkefnið hefst 3. febrúar nk.

Í ár geta þátttakendur notast við nýtt smáforrit sem keyrt er á snjallsímum og auðveldar skráningu.

Undirbúningur fyrir Hjólað í vinnuna og Kvennahlaup ÍSÍ gengur samkvæmt áætlun.

3. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir 11 mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Reksturinn gekk vel á árinu enda hafa kostnaðarliðir verið mun lægri en áætlað var vegna Covid-19.

Lögð fram tillaga að skiptingu lottófjár til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt samhjóða. Lagt fram yfirlit yfir skiptingu útbreiðslustyrks ÍSÍ á árinu 2020 til íþróttahéraðanna.

Tillaga að skiptingu ríkisstyrks til sérsambandanna verður lögð fram á næsta fundi ef samningar við mennta- og menningarmálaráðuneytis liggja þá fyrir.

4. Aðgerðarpakki stjórnvalda vegna COVID-19

Forseti skýrði frá stöðu mála. Vinnumálastofnun vinnur hörðum höndum að gerð umsóknarkerfis vegna greiðslna til sambanda og félaga innan vébanda ÍSÍ vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum Covid-19. Reynt verður að hafa umsóknarferlið sem einfaldast og í sem mestri sátt við íþróttahreyfinguna.

Greiðsla ráðuneytis upp á 300 milljónir sem ÍSÍ verður falið að úthluta til íþróttahreyfingarinnar til stuðnings vegna afleiðinga Covid-19 er væntanleg innan skamms. Samningur vegna þessa stuðnings liggur ekki enn fyrir en samkvæmt fréttatilkynningu ráðuneytis um málið þá verður þeim fjármunum úthlutað með almennum aðgerðum en ekki sértækum.

5. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi takmarkanir í íþróttastarfinu vegna sóttvarnaráðstafana og innihald þeirrar reglugerðar sem í gildi er. Eins og er þá fer fjöldi smita lækandi og fréttir af bólusetningu vekja einnig bjartsýni. Framkvæmdaraðilar Reykjavík International Games (RIG) hafa mætt ýmsum áskorunum vegna sóttvarnaráðstafana og hafa samskipti við yfirvöld varðandi undanþágur og álitamál verið mikil í aðdraganda leikanna.

6. Stefna ÍSÍ í almenningsíþróttum

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ lagði fram nýjustu útgáfu af stefnu ÍSÍ í almenningsíþróttum sem lagfærð hefur verið með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu á síðasta fundi framkvæmdastjórnar.

Stefnan samþykkt með breytingu á fyrstu málsgrein. Fyrsta málsgrein skal verða eftirfarandi:

Stefna íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) í almenningsíþróttum er að stuðla að bættri lýðheilsu á jafnréttisgrundvelli með þróttmiklu almenningsíþróttastarfi og heilsuefningu innan íþróttahreyfingarinnar og meðal almennings í landinu í samræmi við stefnu ÍSÍ um umhverfismál.

7. Erasmus+

Viðar Garðarsson skýrði frá því að styrkumsókn ÍSÍ, UMFÍ, HR, Loughborough University, KSÍ og FSÍ um styrk frá Erasmus+ styrkjakerfinu vegna innleiðingar og notkunar á námsefninu 5K í tveimur íþróttafélögum innan ÍSÍ hefði hlotið samþykki og veglegan styrk. Verkefnið er tengt sameiginlegu fræðsluverkefni ÍSÍ og UMFÍ sem er rekið undir nafninu Sýnum karakter og lýtur að þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum.

8. Skipan fulltrúa í stýrihóp um þátttöku barna frá efnaminni heimilum í skipulögðu íþróttatarfi

Erindi barst frá félags- og barnamálaráðuneyti um skipan fulltrúa frá ÍSÍ í ofangreindan stýrihóp. Ekki gafst tími til að bíða fram að stjórnarfundum með ákvörðun þannig að afstaða var fengin með útsendingu tölvupósts og samþykkt að tilnefna Ragnhildi Skúladóttur sviðsstjóra Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ og Þórarinn Alvar Þórarinsson verkefnastjóra á sama sviði, af hálfu ÍSÍ, en tilnefna þarf bæði karl og konu.

Borist hefur bréf frá ráðuneytinu um að Þórarinn Alvar hafi verið valinn í stýrihópinn og Ragnhildur til vara.

9. Alþjóðalyfjareglur 2021 til næstu sex ára

Nýjar Alþjóðalyfjareglur tóku gildi 1. janúar 2021 og gilda þær til næstu sex ára. Skoða þarf lög ÍSÍ með hliðsjón af nýju reglunum og gera tillögur til breytinga þar að lútandi, ef þarf. Vísað til laganefndar ÍSÍ að hefja skoðun á málinu.

10. Umsögn um sameiginlega stefnu um íþróttaviðburði á Norðurlöndum

Þekkingar- og menningarnefnd Norðurlandaráðs hefur óskað eftir umsögn frá ÍSÍ um tillögu sem flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði hefur lagt fram um sameiginlega norræna íþróttastefnu varðandi umsóknir um stóra íþróttaviðburði.

Fundarmenn tóku jákvætt í að mótuð yrði slík stefna en töldu nauðsynlegt að skoða málið með tilliti til aðstöðu/mannvirkja.

Vísað til Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og framkvæmdastjóra til skoðunar.

11. Verkefnið „Koma svo!“

Viðar Garðarsson fór yfir starf vinnuhóps sem hefur unnið að áætlunum fyrir verkefnið. Samþykkt að heimila Viðari, af hálfu ÍSÍ, að ræða við embætti landlæknis um stuðning við verkefnið. Fjármálaráð ÍSÍ og gjaldkeri stjórnar verða Viðari til ráðgjafar. Gengið er út frá því að einungis einn aðili frá ÍSÍ og einn aðili frá UMFÍ komi að ofangreindum viðræðum við embætti landlæknis.

12. 75. Íþróttþing ÍSÍ

Farið yfir undirbúning fyrir næsta Íþróttþing ÍSÍ sem boðað hefur verið 7.-8. maí nk. Algjör óvissa er um fyrirkomulag þingsins en nokkrir möguleikar eru í boði. Enn sem komið er þá er gengið út frá því að þingið fari fram á þeim dagsetningum sem auglýstar hafa verið.

13. Ferðasjóður íþróttafélaga

Skrifstofustjóri ÍSÍ skýrði frá stöðu mála varðandi yfirlestur umsókna sem bárust í Ferðasjóð íþróttafélaga. Stefnt er að því að leggja fram tillögu til úthlutunar á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

14. Skráningarkerfi – staða mála

Gunnar Bragason fór yfir það helsta varðandi þær lausnir sem eru í skoðun. Viðræður eru í gangi við Nóra/Sportabler, sem nýlega sameinuðust, um möguleika á samstarfi.

15. Frumvörp til laga

Farið yfir frumvörp til laga sem tengjast starfi íþróttahreyfingarinnar:

- Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld. ÍSí sendi umsögn.
- Frumvarp um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks. Málinu var vísað til allsherjar- og menntamálanefndar. ÍSí sendi umsögn.
- Heildstæð stefna um afreksíþróttafólk í íþróttum. Málinu var vísað til allsherjar- og menntamálanefndar. ÍSí sendi umsögn.

16. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir.

17. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 298. og 299. fundur framkvæmdastjórnar
- 18. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSí frá 19. janúar 2021
- Almenningsíþróttasvið frá 9. desember 2021
- Verkefnasjóður ÍSí frá 20. janúar 2021 – **Afskriftir vegna styrkja sem samþykktir voru árið 2019 og voru afskrifaðir árið 2020 samþykktar. Alls 375.000,- krónur.**
- Fjármálaráð ÍSí frá 18. janúar 2021

18. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

19. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði 18. febrúar nk. kl. 16:30.

20. Önnur mál

Stefnumótun í rafíþróttum/rafleikjum

Rætt um skipan starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um stefnu í rafleikjum. Fundarmenn voru sammála um að spilun leikja sem ganga gegn gildum íþróttahreyfingarinnar ættu ekki að vera spilaðir í skipulögðu starfi á vegum hreyfingarinnar.

Laganefnd ÍSí

Skrifstofustjóri skýrði frá því að formaður laganefndar væri kominn í sjúkraleifyfi og hefði ekki tök á að starfa fyrir nefndina næstu mánuði.

Samþykkt að skipa Hafstein Pálsson sem formann laganefndar ÍSí og Birki Smára Guðmundsson lögfræðing og starfsmann ÍSí sem nefndarmann, fram að næsta íþróttapingi ÍSí.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.